

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Jóni Þór Ólafssyni um réttindi barna sem fæðast á Íslandi og eiga erlenda foreldra.

1. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við vegna réttaróvissu barna sem fæðast hér á landi og eiga erlenda foreldra og njóta verndar gegn frávisun og brottvisun á grundvelli 102. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, en eiga þó ekki rétt á dvalarleyfi hér á landi?*

Dvalarleyfiskafla útlendingalaga er nú til skoðunar í heild sinni hjá dómsmálaráðuneytinu en nauðsynlegt þótti að yfirfara hann til þess að sníða af ýmsa vankanta sem m.a. hafa komið í ljós við framkvæmd laganna. Við þá vinnu stendur til að taka til skoðunar hvort rétt sé að bæta við nýju ákvæði í lögum sem taki til barna sem fæðast hér á landi meðan foreldrar þeirra eru með dvalarleyfi þó að leyfið veiti ekki rétt til fjölskyldusameiningar.

2. *Telur ráðherra það samræmast lögum um réttindi barna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og stjórnarskrá Íslands að neita barni, fæddu á Íslandi, um dvalarleyfi þrátt fyrir að foreldrar þess hafi slíkt leyfi við fæðingu barnsins? Efsvo er, á hvaða forsendum?*

Eins og áður segir hefur dómsmálaráðherra þegar sett af stað skoðun á dvalarleyfiskafla útlendingalaga í dómsmálaráðuneytinu og þar verður skoðað sérstaklega hvort börn sem svo er ástætt um ættu ekki að eignast sama rétt og foreldrar þeirra til þess að fá dvalarleyfi hér á landi.

3. *Hvernig er hagsmunagæsla barna sem falla utan kerfis tryggð, þ.e. barna sem búsett eru á Íslandi, jafnvel frá fæðingu, en foreldrar þeirra eru án dvalarleyfis, með hliðsjón af skilgreiningu á hagsmunagæslu barns samkvæmt lögum um útlendinga sem felur m.a. í sér að sjá verði til þess að barn fái nauðsynlega aðstoð á meðan málsmeðferð stendur, þ.m.t. stuðning á grundvelli barnaverndarlaga og annarra laga, svo sem um félagslega aðstoð, skólaþjónustu og heilbrigðisþjónustu? Eru til sérstök úrræði fyrir börn í slíkum aðstæðum? Efs ekki, hyggst ráðherra beita sér svo réttindi barna í áðurnefndum aðstæðum verði tryggð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar Íslands?*

Í þeim tilvikum þegar börn eru hér á landi í leit að vernd, hvort sem það er með eða án foreldra sinna, eiga þau rétt á heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningi Útlendingastofnunar og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þau börn eiga svo rétt á annarri þjónustu, t.d. skólaþjónustu samkvæmt samningum sem Útlendingastofnun hefur gert við t.d. Rauða kross Íslands og sveitarfélögin Hafnarfjörð, Reykjavík og Reykjanesbæ. Í öðrum tilvikum, þegar börn dvelja hér á landi án dvalarleyfis og foreldrar þeirra eru ekki heldur með dvalarleyfi, er unnt að leita til félagsþjónustunnar eftir aðstoð þurfi þau á henni að halda og eftir atvikum til annarra kerfa ríkis og sveitarfélaga. Málefni og réttindi barna í þessari stöðu heyra m.a. undir félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.